

KIRKJUGARÐARÁÐ

54. fundur haldinn 13. ágúst 2007 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins. Ragnhildur Benediktsdóttir og Jóhannes Pálmason sem mætti í forföllum Þórsteins Ragnarssonar.

1. Setning fundar

Framkvæmdastjóri setti fund kl. 13:10.

2. Styrkbeiðni frá KGRP - kynning

Jóhannes Pálmason kynnti erindið, sbr. meðfylgjandi bréf. Óskað er eftir 25 millj.kr. styrk árlega miðað við verðlag 2007, næstu 10 árin. Nefndarmenn tóku fram að gott væri að fá málið kynnt þetta tímanlega til að unnt væri að skoða málið rækilega. Málið verður rætt nánar á fundi síðar.

3. Samningur milli Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga - bréf til kirkjugarðsstjórna og sóknarnefnda

Samningurinn var undirskrifaður 29. júní sl. Valtýr kynnti málið og lýsti ánægju fyrir hönd Sambands ísl. sveitarfélaga með að samningur tókst um viðmiðin. Hann hefur heyrt frá sveitarfélögum að þau séu mjög sátt með samninginn.

4. Framkvæmdir við kirkjugarðinn á Möðruvöllum í Hörgárdal

Guðmundur Rafn kynnti málið.

5. Ósk um kaup á BA-ritgerð í fornleifafraeði

Guðmundur Rafn kynnti. Samþykkt var að kaupa ritgerðina.

6. Næsti fundur

Næsti fundur verði 24. september.

7. Önnur mál

- Smári nefndi hvort ekki væri skynsamlegt að fá utanaðkomandi aðila til að fara í gegnum gjaldalíkanið og kanna hvort skiptingin ætti að vera önnur. Guðmundur Rafn taldi að þetta mál ætti að ræða á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 14:15.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari